


Hafnarfjörður, 3. desember 2019

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4/12 2019
Málsnr:	1912067
Bréfal:	252

Háttvirtur bæjarstjóri, Rósa Guðbjartsdóttir

Fyrir hönd sumarbúða KFUM og KFUK í Kaldárseli, þá vill stjórn sumarbúðanna koma á framfæri þakklæti sínu við bæjaryfirvöld Hafnarfjarðar fyrir gott samstarf undanfarna áratugi. Sumarbúðirnar í Kaldárseli eru þær næst elstu sem KFUM og KFUK stendur fyrir hér á landi og hafa þær verið starfrækar síðan 1925 og eiga því 95 ára afmæli núna á næsta ári. Fjölmargir Hafnfirðingar hafa fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og taka þátt í starfinu á einn eða annan hátt í gegnum sögu sumarbúðanna.

Árið 2006 gerðu Hafnarfjarðarbær og Kaldársel með sér sameiginlega viljayfirlýsingu. Við í Kaldárseli höfum verið mjög þakklát fyrir samstarfið undanfarin ár og þann styrk sem við höfum fengið frá Hafnarfirði, einkum með ráðningu nokkurra flokkstjóra í samstarfi við Vinnuskóla Hafnarfjarðar og við viljum líka þakka sérstaklega fyrir góða og örugga meðhöndlun á erindi okkar fyrr á þessu ári um áframhaldandi niðurfellingu fasteignagjalda með vísan til reglna bæjarins um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka.

Starfið í Kaldárseli hefur á undanförunum árum náð að blómstra enn meir á ný og höfum við séð það í skráningum í starfinu undanfarin sumur. Meðfylgjandi fylgir smá yfirlit yfir þátttekendur starfsins þar sem meðal annars má sjá að síðan 2017 þá hefur verið nánast full skráning hjá okkur og um helmingur þátttakendanna kemur úr Hafnarfirði. Nokkrir af skólum Hafnarfjarðar hafa einnig komið í heimsókn upp í Kaldársel yfir veturna í skólaferðir og hafa fengið að nota aðstöðuna á staðnum sér að kostnaðarlausu í gegnum samstarfið.

Það er mikill vilji hjá okkur í Kaldárseli að halda þessu góða samstarfi áfram við Hafnarfjarðarbæ og ýmis verkefni sem gaman væri að vinna saman að. Það er meðal annars mikill áhugi á umhverfismálum hjá stjórn Kaldársels, en síðastliðið sumar tóku sumarbúðirnar einmitt þátt í Grænfána verkefninu og munum við fá að flagga Grænfánanum á komandi starfsári. Afhending Grænfánans mun eiga sér stað á vorhátíð Kaldársels í maí 2020.

En með þessu bréfi, þá vildum við fyrst og fremst koma formlega á framfæri þakkir okkar til Hafnarfjarðarbæjar og bæjaryfirvalda þar og deila með ykkur nokkrum gleðifröttum úr starfi okkar í Kaldárseli síðastliðin ár.

Með kærri kveðju og þökkum fyrir hönd Kaldársels,



Jóna Þórdís Eggertsdóttir, formaður Kaldársels



Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, gjaldkeri Kaldársels

YFIRLIT YFIR ÞÁTTTAKENDUR Í SUMARSTARFI KALDÁRSELS 2015-19



Efnisyfirlit

Tímasetning flokka og fjöldi þátttakenda í hverjum flokki fyrir sig	2
Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2015	2
Tafla 2. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2016	2
Tafla 3. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2017	2
Tafla 4. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2018	2
Tafla 5. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2019	3
Nýting sumarstarfsins í Kaldárseli 2015-19	3
Aldursdreifing þátttakenda	4
Tafla 6. Aldursskipting þátttakenda í sumarbúðum Kaldársels á árunum 2015-19	4
Skipting þátttakenda eftir bæjarhluta/landshluta	5
Tafla 7. Skipting þátttakenda eftir bæjarfélagi/landshluta í sumarbúðum Kaldársels 2015-17	5
Tafla 8. Hlutfall þátttakenda eftir bæjarfélagi/landshluta í sumarbúðum Kaldársels 2015-17	5

Tímasetning og fjöldi þátttakenda í hverjum flokki fyrir sig

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2015.

Flokkur	Tímasetning	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi þátttakenda
1	15-19. júní	Stelpuflokkur	8-11 ára	15
2	22-26. júní	Strákaflokkur	8-11 ára	20
3	27-28. júní	Fjölskyldufjör	0-99 ára	N/A
4	29. júní-3. júlí	Stelpuflokkur	8-11 ára	17
5	6-10. júlí	Stelpur í stuði	10-12 ára	13
6	13-17. júlí	Leikjanámskeið m/ náttúruþema	6-9 ára	19
7	20.-24. júlí	Leikjanámskeið m/ björgunarþema	9-11 ára	Féll niður
Samtals				84

Tafla 2. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2016.

Flokkur	Tímabil	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi þátttakenda
1	9.-13. júní	Strákaflokkur	7-10 ára	15
2	14-18. júní	Stelpuflokkur	7-10 ára	13
3	20-24. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
4	27. júní - 1. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
5	4-8. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	32
6	11-15. júlí	Stelpur í stuði	10-12 ára	10
Samtals				151

Tafla 3. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2017.

Flokkur	Tímasetning	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi þátttakenda
1	12.-16. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
2	19.-23. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
3	26.-30. júní	Dvalarflokkur	8-11 ára	41
4	3.-7. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
5	10.-14. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	39
6	8.-11. ágúst	Stelpur í stuði	10-12 ára	13
7	14.-18. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
Samtals				255

Tafla 4. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2018.

Flokkur	Tímasetning	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi þátttakenda
1	11.-15. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	42
2	18.-22. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
3	25.-29. júní	Dvalarflokkur	8-11 ára	41
4	2.-6. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
5	9.-13. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
6	7.-10. ágúst	Leikjanámskeið	10-12 ára	40
7	13.-17. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	42
Samtals				286

Tafla 5. Fjöldi þátttakenda eftir flokkum sumarið 2019.

Flokkur	Tímasetning	Tegund flokks	Aldursbil	Fjöldi þátttakenda
1	11.-14. júní	Leikjanámskeið	6-9 ára	42
2	17-21. júní	Dvalarflokkur	8-11 ára	39
3	24.-28. júní	Dvalarflokkur	8-11 ára	43
4	1.-5. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
5	8.-12. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	39
6	15.-19. júlí	Leikjanámskeið	6-9 ára	29
7	6.-9. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	41
8	14.-18. ágúst	Leikjanámskeið	6-9 ára	40
Samtals				313

Nýting:

Ef gert er ráð fyrir 40 börnum í fullum flokk og 20 stelpum í fullum Stelpur í stuði flokki, þá er nýtingin eftirfarandi:

2015: 84 af 220 (38% nýting)


2016: 151 af 220 (69% nýting)

2017: 255 af 260 (98% nýting)

2018: 286 af 280 (102% nýting)

2019: 313 af 320 (98% nýting)

Skráning í Kaldárseli 2015-19



Aldursdreifing þátttakenda

Tafla 6. Aldursskipting þátttakenda í samarbúðum Kaldársels á árunum 2015-17.

Aldur	2015	2016	2017	2018	2019	2015-19	2015-19
5	0	0	1	3	7	11	1,0%
6	6	7	13	10	36	72	6,6%
7	7	42	75	83	74	281	25,8%
8	13	51	69	102	107	342	31,4%
9	19	31	65	67	50	232	21,3%
10	19	11	16	17	27	90	8,3%
11	13	5	12	3	11	44	4,0%
12	4	4	4	1	1	14	1,3%
13	3	0	0	0	0	3	0,3%
Samtals	84	151	255	286	313	1089	100%

Kaldársel virðist höfða sérstaklega vel til barna á aldrinum 7-9 ára en á sama tíma eru flestir flokkanna miðaðir að þeim aldri. Að undanskildum *stelpur í stuði* flokkunum þá hafa börn á aldrinum 8 til 9 ára getað tekið þátt í öllum flokkum Kaldársels undanfarin ár.

Skipting þátttakenda eftir bæjarfélagi/landshluta

Tafla 7. Skipting þátttakenda eftir bæjarfélagi/landshluta í sumarbúðum Kaldársels 2015-19.

Staður	2015	2016	2017	2018	2019	2015-2019
Hafnarfjörður	24	76	149	156	153	558
Reykjavík	13	23	39	56	80	211
Kópavogur	11	21	26	41	47	146
Garðabær	14	12	15	20	20	81
Suðurnes	4	5	7	4	5	25
Suðurland	6	1	4	-	4	15
Erlendis	4	4	3	3	2	16
Mosfellsbær	3	3	3	2	1	12
Vestfirðir	1	0	6	-	-	7
Norðurland						
Eystra	2	3	2	2	-	9
Vesturland	2	1	-	2	1	6
Norðurland						
vestra	-	-	1	-	-	1
Seltjarnarnes	-	1	-	-	-	1
Austurland	-	1	-	-	-	1
Samtals	84	151	255	286	313	1089

Tafla 8. Hlutfall þátttakenda eftir bæjarfélagi/landshluta í sumarbúðum Kaldársels 2015-19.

Staður	2015	2016	2017	2018	2019	2015-2019
Hafnarfjörður	28,6%	50,3%	58,4%	54,5%	48,9%	51,2%
Reykjavík	15,5%	15,2%	15,3%	19,6%	25,6%	19,4%
Kópavogur	13,1%	13,9%	10,2%	14,3%	15,0%	13,4%
Garðabær	16,7%	7,9%	5,9%	7,0%	6,4%	7,4%
Suðurnes	4,8%	3,3%	2,7%	1,4%	1,6%	2,3%
Suðurland	7,1%	0,7%	1,6%	-	1,3%	1,4%
Erlendis	4,8%	2,6%	1,2%	1,0%	0,6%	1,5%
Mosfellsbær	3,6%	2,0%	1,2%	0,7%	0,3%	1,1%
Vestfirðir	1,2%	0,0%	2,4%	-	-	0,6%
Norðurland						
Eystra	2,4%	2,0%	0,8%	0,7%	-	0,8%
Vesturland	2,4%	0,7%	-	0,7%	0,3%	0,6%
Norðurland						
vestra	-	-	0,4%	-	-	0,1%
Seltjarnarnes	-	0,7%	-	-	-	0,1%
Austurland	-	0,7%	-	-	-	0,1%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Þátttakendur í starfi Kaldársels koma mest megnis frá höfuðborgarsvæðinu og er rúmlega helmingur þátttakenda (51,2%) frá Hafnarfirði og eru 92,5% þátttakenda frá höfuðborgarsvæðinu (Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Mosfellsbæjar) á árunum 2015-19. Sérstaklega var gaman að sjá mikla aukna þáttöku Hafnfirskra barna í starfinu 2015-17 og hvað þau hafa haldið áfram að vera aðal þátttakenda hópur starfsins undanfarin ár.